

MW 5798 Hleðslutæki – Notkunarleiðbeiningar.

Vinsamlegast lesið þessar leiðbeiningar vandlega áður en tækið er tekið í notkun.

EIGINLEIKAR:

Þetta frábæra hleðslutæki hefur innbyggðan örgjörva sem skynjar sjálfur hvort um er að ræða Ni-Cd eða Ni-Mh hleðslurafhlöður. Hægt er að hlaða AAA/AA/C/D/9V í þessu tæki.

Tækið notar -∇V skynjunaraðferð til að fylgjast með Ni-Cd rafhlöðum og +∇V fyrir Ni-Mh. Þetta tryggir að rafhlöður af misjöfnum merkjum og mismunandi mAh(rýmd) munu alltaf verða fullhlaðnar og líftími þeirra mun jafnframt fullnýtast vegna þessa.

Tækið getur einnig hlaðið 9V hleðslurafhlöður með því að nota stöðuga hleðslu.

HRAÐHLEÐSLA:

1. Setjið straumbreytirinn í samband við rafmagn og síðan við tækið.
2. Opnið lokið með því að ýta á “Open” takkann.
3. Setjið rafhlöðurnar í tækið(AAA/AA/C/D) í hólfi I og hólfi II, setjið alltaf sömu stærð af rafhlöðum í hvort hólfi. 9V hl.rafhlöðurnar hlaðast í miðjunni.

Leiðbeiningar 4-7 eru fyrir AAA/AA/C/D hleðslurafhlöður.

4. Ef afhleðsla óskast, ýtið þá á gula “Discharge” hnappinn.
5. Ef þið óskið að “fríska uppá” rafhlöðurnar, haldið þá gula hnappnum inni þar til það heyrst píphljóð og græna ljósið blikkar. Sleppið þá hnappnum.
6. Ath. að rafhlöðurnar í hólfi I hlaðast alltaf fyrst þó svo að bæði hólfi séu notuð.
7. Rafhlöðurnar eru fullhlaðnar þegar “Ready” ljósið blikkar.

Leiðbeiningar 8-9 eru fyrir 9V hleðslurafhlöður.

8. Tækið getur hlaðið 1 eða 2 9V hl.rafhlöður á sama tíma.
9. 9V hl.rafhlöður er ekki hægt að afhlaða eða “fríska uppá”. Þegar rafhlaða/rafhlöður eru settar í tækið mun rauða ljósið fyrir neðan rafhl. lýsa þar til þær eru fjarlægðar.

SJÁLFSPRÓFUNARBÚNAÐUR:

Í þessu tæki er sjálfsprófunar búnaður. Hér eftirfarandi eru leiðbeiningar um hvernig hann er notaður:

1. Fjarlægið allar rafhlöður úr tækinu og takið DC stikkið úr tækinu.
2. Setjið AC/DC straumbreytirinn í samband við rafmagn.
3. Ýtið á “Discharge” hnappinn og haldið honum niðri, setjið þvínæst DC stikkið í tækið og sleppið “Discharge” hnappnum, þá ættu ljósin að lýsa eins og taflan hér fyrir neðan segir til um.

	POWER	Y1	R1	G1	Y2	R2	G2	SOUND
Test start	O	O	O	O	O	O	O	
Hólf 1	O		O			*		
Hólf 2	O		*			O		
Klar	O			#			#	
Afhleðsla	O	O			O			
Prufulok	O	O	O	O	O	O	O	--

(O = ljós lýsir) (* = Ljós blikkar 5 sinnum) (# = Ljós lýsir 1 sinni og blikkar 3sinnum)

(-- = heyrir 1 píp)

Allar eftirfarandi leiðbeiningar gilda um stærðirnar AAA/AA/C/D. Við hleðslu af 9V hl.rafhlöður sjá leiðbeiningar um hraðhleðslu.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN:

Þegar settar eru tvær rafhlöður í tækið í einu er lang best að afhlaða þær fyrst, til að tæma þær alveg.

1. Setjið tvær rafhlöður í sama hólfi. Ef þið ætlið að hlaða 4 stk þá fara tvær í hvort hólfi.
2. Hleðsluljós fyrir hólfi I lýsir til að láta vita að rafhlöðurnar séu í hleðslu. Ef bæði hólfi eru notuð þá mun ljósið blikka á hólfi II til að láta vita að þær séu í biðstöðu.
3. Þegar ljósið blikkar og það heyrast píp hljóð eru rafhlöðurnar fullhlaðnar.
4. Ef rafhlöður eru í hólfi II, þá fer tækið sjálfkrafa í að hlaða þær, í millitíðinni má taka rafhl. úr hólfi I og jafnvel setja aðrar í.

ATH. Mjög mikilvægt er að taka ekki rafhlöðurnar úr tækinu fyrr en tækið lýsir “Ready”. Ef það þarf nauðsynlega að taka þær úr fyrr ýtið þá tvisar á gula “Discharge” hnappinn.

Hleðslutími (í mínútum) fyrir hleðslurafhlöður er hægt að reikna út í eftirfarandi formúlu:
(mAh rafhlöðunnar/800mAh) / 0,8x60

Það þýðir að hleðslutími fyrir AAA/180mAh er ca 17 mínútur (Það getur skipt máli hvort rafhlaðan er gömul og hvort hún hleður sig eins og hún á að gera)

Hleðslutími fyrir rafhlöður:		
Stærð	mAh	Hleðslutími
AAA/P03H	180	17 mín.
AAA/P03P	240	22 mín.
AA/P6H	500	47 mín
AA/P6P	1100	1t 43 mín
C/P14	1800	2t 45mín
C/P14	2000	3t 08mín
D/P20	2000	3t 08mín
D/P20	4000	6t 15mín
9V/P22	100-120	10-14tímar

ATH! Hleðslutími getur verið mismunandi eftir vörumerki og aldri rafhl. þannig að þessi tafla er bara viðmiðun.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN Á AFHLEÐSLU:

Afhleðslu á að nota ef vitað er að rafhl. sem á að hlaða séu hálfþómar eða lítið notaðar. Hún er líka notuð til að varðveita upprunaleg mAh rafhlöðunnar.

1. Setjið tvær rafhlöður í sama hólfi í tækinu. Ef á að afhlaða 4 stk setjið þá tvær í hvort hólfi.
2. Ýtið á gula “Discharge” hnappinn. Afhleðsluljós mun þá lýsa (afhleðsla mun eiga sér stað í báðum hólfum í einu.)
3. Ef aðeins annað hólfið er í notkun mun hleðslutækið sjálfkrafa færast yfir á hleðslu eftir afhleðsluna.
4. Ef bæði hólfi eru í notkun mun það hólfi sem fyrr var búið að afhlaðast fara í biðstöðu (ljósið blikkar) þar til bæði hólfi eru afhlaðin. Þar á eftir fara bæði hólfi í hleðslu sjálfkrafa.

ATH! Ýtið alltaf á “Discharge” hnappinn til að skifta á milli afhleðslu og hleðslu.

“FRÍSKAÐ” UPP Á/DJÚPAFHLAÐIÐ:

Þessi meðferð getur bjargað rafhlöðum sem eru með minnisskaða og “frískað” upp á rafhlöður

1. Setjið rafhlöður í hólfi I og/eða hólfi II. Athugið að Rafhl. hlaðast og afhlaðast 3 sinnum .
2. Ýtið og haldið niðri gula “Discharge” hnappnum þangað til “Ready” ljósið blikkar og heyrir pípahljóð. Sleppið þá strax hnappnum.
3. Ljósið blikkar misjafnlega á “Ready” ljósinu eftir því hvaða stig er í gangi, á fyrsta stigi blikkar “Ready” ljósið þrisvar sinnum, stoppar þá smástund og heldur síðan áfram.
4. Á öðru stigi blikkar “Ready” ljósið tvisar, stoppar þá smástund og heldur þvínæst áfram.
5. Á lokastiginu blikkar “Ready” ljósið einu sinni, stoppar þá og heldur því síðan áfram þar til þessu programmi er lokið.
6. Þegar meðferðinni er lokið blikkar “Ready” ljósið og “Charge” og “Discharge” ljósin slökkna. Rafhlöðurnar eru núna tilbúnar til notkunar.

ATH! Ýtið á “Discharge” hnappinn til að stoppa þetta kerfi og skifta yfir í hleðslu.

AÐVÖRUN:

1. Lesið leiðbeiningarnar mjög vandlega áður en þið notið hleðslutækið.
2. Notið tækið **eingöngu** innandyra við eðlilegt hitastig. Látið hleðslutækið ekki standa í beinu sólarljósi, raka eða miklum hita.
3. Notist eingöngu með meðfylgjandi straumbreytir, aðrir straumbreytar gætu orsakað skemmdir á tækinu.
4. **Hleðslutækið er eingöngu fyrir Ni-Cd og Ni-Mh hleðslurafhlöður stærð AAA/AA/C/D/9V, setjið engar aðrar rafhlöður í þetta tæki.**
5. **Gætið þess að rafhlöðurnar séu í réttum hólfum og snúi rétt.**
6. **Reynið ekki að hlaða skemmdar rafhlöður eða þar sem leki er sjáanlegur, það getur verið hættulegt að reyna það.**
7. Það er eðlilegt að hleðslutækið og rafhlöðurnar hitni, meðan tækið er í gangi. Hafði nægt loftrými í kringum hleðslutækið meðan það er í gangi.

Tæknilegar upplýsingar:

Inntak:	DC 12V 500mAh 230/240V AC með AC/DC straumbreytir MW1205 110/120V AC með AC/DC straumbreytir MW1205
Hleðslustraumur:	PMW konstant puls straumur – 800mA
Fljótur hl.straumur	½ konstant puls straumur
Afhleðslustraumur	300mA

Útskýring á ljósum sem kvikna á tækinu:

Skýring.2	Discharge	Engar Rafhlöður í tækinu.
	Charge	
	Ready	
	Discharge	Rafhlöðurnar afhlaðast
	Charge	
	Ready	
	Discharge	Rafhlöðurnar hlaðast
	Charge	
	Ready	
	Discharge	Rafhlöðurnar bíða þess að fara í hleðslu. Rafhlöðurnar í hinu hólfinu eru í afhleðslu / hleðslu
Charge		
Ready		
Discharge	Rafhlöðurnar hlaðast (Tilheyrir djúpahleðslu prógramminu)	
Charge		
Ready		
Discharge	Rafhlöðurnar eru í afhleðslu (Tilheyrir djúphleðslu prógramminu)	
Charge		
Ready		
Discharge	Rafhlöðurnar eru alveg að verða fullhlaðnar.	
Charge		
Ready		
Discharge	Rafhlöðurnar eru fullhlaðnar og tilbúnar til notkunar.	
Charge		
Ready		
Ljosið er slökkt		
Ljosið er kveikt		
Ljosið blikkar		